

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 656/2007 frá 14. júní 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 586/2001 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar skilgreiningu á aðalatvinnugreinaflokkum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/394/EB frá 7. júní 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/377/EBE með tilliti til aðferðafræðinnar sem beita á við verðlagningu á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni ⁽⁴⁾.
- 5) Jafnframt er rétt að bæta við í XXI. viðauka við samninginn tilskipun ráðsins 2006/108/EB frá 20. nóvember 2006 um aðlögun á tilskipunum 90/377/EBE og 2001/77/EB á sviði orkumála vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu ⁽⁵⁾, en hún var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 90/377/EBE) í IV. viðauka við samninginn:

„– **32007 D 0394:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/394/EB frá 7. júní 2007 (Stjtið. ESB L 148, 9.6.2007, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 148, 9.6.2007, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 414.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

2. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 2a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001):
„eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 0656**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 656/2007 frá 14. júní 2007 (Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 26. lið (tilskipun ráðsins 90/377/EBE):
 - „– **32006 L 0108**: Tilskipun ráðsins 2006/108/EB frá 20. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 414),
 - **32007 D 0394**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/394/EB frá 7. júní 2007 (Stjtið. ESB L 148, 9.6.2007, bls. 11).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 656/2007 og ákvörðunar 2007/394/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.